

Starfsleyfi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐI

FJALLASKÁLA, NEMA SÆLUHÚS

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir fjallaskála, þar sem boðið er upp á gistingu gegn gjaldi.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.2 Í fjallaskálum skulu vera svefndýnur með veri, sem hægt er að þrifa.
- 2.3 Gestir skulu hafa aðgang að viðunandi salerni og hreinlætisaðstöðu, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.

3 Hreinlæti og þrif

- 3.1 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að skriflegar reglur um umgengni og þrif séu á staðnum. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Reykingar eru bannaðar í fjallaskálum.

4 Eldunaraðstaða

- 4.1 Þar sem boðið er upp á eldunaraðstöðu skal vera eldavél, uppþvottavaskur og fullnægjandi borðbúnaður. Huga skal sérstaklega að loftræstingu og öryggisþáttum við eldavél.

5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Farið skal að fyrirætlum heilbrigðisnefnda um frágang og skil á sorpi.
- 5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,

Atvinnugreinaflokkur

(ISAT): 5520060 Önnur gistiaðstaða

Reykjavík 8. 06. 2010


Kristín Linda Árnadóttir